



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Pórður Már Sigfússon
skipulagsfulltrúi
Miðbraut 11 11
370 Búðardalur

Mánudagur, 30. nóvember 2020
MÍ202011-0133 / 6.08 / M.A.S.

Efni: Breyting á Aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016 vegna vindorkuvers á Sólheimum í Dalabyggð

Með tölvupósti, dagsettum 24. nóvember 2020 óskaði Pórður Már Sigfússon, skipulagsfulltrúi Dalabyggðar, eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um breytingar á Aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016 vegna vindorkuvers á Sólheimum í Dalabyggð.

Minjastofnun Íslands vill benda á að engin fornleifaskráning fór fram við aðalskipulagsgerð Dalabyggðar en í Aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016 segir í kafla 3.3.2: *Skráning fornleifa skal fara fram á deliskipulagsstigi og áður en ráðist er í bygginga- eða framkvæmdaleyfisskyldar framkvæmdir.*

Fornleifaskráningu skal þarfleiðandi vera lokið fyrir deliskipulagsgerð. Allar greinanlegar fornleifar á skipulagssvæðinu skulu mældar upp og hnittsettar í ISN93, og umfang þeirra birt á skipulagsupprættinum. Í greinagerð deliskipulagsins skal tilgreina skráðar fornleifar, hlutverk þeirra og tegund og mótvægisáðgerðir ef ekki er hægt að sneiða hjá fornleifum. Minjastofnun Íslands hefur ekki frekari athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skyldt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,

Magnús A Sigurðsson
Minjavörður vesturlands

Afrít sent: Skipulagsstofnun

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákváðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnáslustigi og ekki kæranlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnáslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi sílikur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Minjavörður Vesturlands
Hafnargata 3 340
Stykkishólmur (354) 570 13
12 (354) 895 18 80
www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Magnús A Sigurðsson
Minjavörður
magnus@minjastofnun.is